

Ed.

557. Frumvarp til laga

[239. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aurum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.